



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 13. apríl 2023
Tilvísun: 2021100170

Umboðsmaður Alþingis
Maren Albertsdóttir
Þórshamri, Templarasundi 5
101 REYKJAVÍK

Úttekt á aðbúnaði og vistarverum á biðsvæði og biðherhergjum á Keflavíkurflugvelli

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis dags. 27. október 2021 og einnig bréfs dags. 24. janúar sl., þar sem óskað er viðbragða embættis ríkislöggreglustjóra við skýrslu er ber heitið Heimsóknarskýrsla Löggreglustjórinn á Suðurnesjum – Vistun vegna skoðunar á landamærum, en um er að ræða OPCAT-eftirlit með stöðum þar sem frelsisviptir dvelja. Athugunin fór fram dagana 20.-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021. Í skýrslu umboðsmanns vegna úttektar á aðbúnaði og vistarverum á biðsvæði og biðherhergjum á Keflavíkurflugvelli, er farið yfir tiltekin atriði sem óskað er viðbragða embættisins við, sérstaklega sbr. umfjöllun í 4.-5. og 7.-9. kafla skýrslunnar.

Embætti ríkislöggreglustjóra hefur farið yfir efni skýrslunnar, en ekki verður séð að neinum sérstökum tilmælum sé beint til embættisins í skýrslunni, þ.e. í 4.-5. og 7.-9. kafla. Hér er þó rétt að taka fram að embættið sendi ásamt embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum, greinargerð til dómsmálaráðuneytis dags. 23. ágúst 2021 um mögulegar lausnir til bráðabirgða vegna einstaklinga sem fá ekki heimild til inngöngu í landið. Þá kemur og einnig fram í “Stefnu stjórnvalda í málefnum landamæra 2019-2023” að eitt af stefnumiðuðum aðgerðum stjórnvalda sé að vinna að því að koma upp biðsvæði fyrir einstaklinga sem eru til skoðunar á landamærum eða bíða þar frávísunar. Að mati embættisins er brýnt að koma upp slíkri aðstöðu til frambúðar, sem er í samræmi við það sem fram kemur í skýrslu umboðsmanns Alþingis.

Rétt er að taka fram að samkvæmt upplýsingum frá löggreglustjóranum á Suðurnesjum, þá hefur því úrræði ekki verið beitt síðan 6. mars 2020, að vista aðila sem synjað er til bráðabirgða inngöngu inn í landið í fangaklefa.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Einnig er rétt að taka fram að embættið er búið að vera með um nokkurt skeið í vinnslu almennar verklagsreglur fyrir löggreglu um aðbúnað og lágmarksviðmið er varða fangageymslur löggreglu. Við þá vinnu er farið yfir og farið eftir þeim ábendingum sem fram hafa komið í skýrslum umboðsmanns Alþingis, ekki bara hvað varðar embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum, heldur öll löggregluembætti. Inn í þá vinnu verða einnig tekin þau sjónarmið sem reifuð hafa verið í skýrslu umboðsmanns, hvað varðar vistun vegna skoðunar á landamærum. Sú vinna hefur því miður dregist vegna annarra og ófyrirséðra stórra verkefna sem hafa komið upp. Öll löggregluembætti landsins, sem og ríkissaksóknari sem æðsti handhafi ákærvalds, þurfa að hafa aðkomu að gerð þessara verklagsreglna.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á svörum, en það helgast af miklum önnum hjá embættinu.

F.b. RLS

Helgi Valberg Jansson